

Kemi ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2024
UST202404-316/E.S.
07.11.02

Áform um stöðvun markaðssetningar á vörunni EZ Chill Auto A/C Recharge R-134a.

Umhverfisstofnun vísar til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu, dags. 29. apríl 2024, þar sem greint er frá niðurstöðum rafræns eftirlits sem fram fór þann 23. apríl sl., eftir að stofnunin varð þess áskynja að á heimasíðum Kemi ehf., kemi.is og poulsen.is, væri boðinn til sölu kælimiðill í einnota ílátum sem ekki stæðist kröfur efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 1066/2019 um flúóraðar gróðurhúsalofttegundir.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og annast eftirlit með framkvæmd efnalaga og reglugerða settra samkvæmt þeim, sbr. XI. kafla efnalaga.

Við eftirlitið kom í ljós að Kemi ehf. markaðssetur vöruna **EZ Chill Auto A/C Recharge R-134a (550 g), vörunúmer 102 mac134** sem inniheldur F-gasið 1,1,1,2-tetraflúoróetan (HFC-134a, R-134a) í einnota málmhylkjum með þrýstingsmæli og slöngu. Nánari upplýsingar um niðurstöður og umfang eftirlitsins má nálgast í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Sala F-gasa í einnota ílátum er bönnuð skv. 1. mgr. 11. gr. og 1. ákvæði III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 517/2014 sem innleidd er í íslenskan rétt í reglugerð nr. 1066/2019 um flúóraðar gróðurhúsalofttegundir.

Fyrir liggur að ekki er mögulegt að gera úrbætur á vörunni þannig að hún uppfylli skilyrði efnalaga og löglegt sé að markaðssetja hana, enda hefur sala F-gasa í einnota ílátum verið ólögleg frá árinu 2007.

Með hliðsjón af framangreindu áformar Umhverfisstofnun að stöðva markaðssetningu vörunnar EZ Chill Auto A/C Recharge R-134a (550 g) með þrýstingsmæli og slöngu, í samræmi við heimild stofnunarinnar skv. 58. gr. efnalaga. Í því felst m.a. að Umhverfisstofnun getur tekið úr sölu eða dreifingu eða innkallað umrædda vöru varanlega og lagt hald á vöruna. Enn fremur er Umhverfisstofnun heimilt að krefjast þess að birgir fargi viðkomandi efni, efnablöndu eða hlut/vöru með öruggum hætti eða afturkalli vöruna eða geymi þar til bætt hefur verið úr ágöllum eða hættu afstýrt með viðunandi hætti. Þá, í ljósi þess að ekki er unnt að bæta úr ágöllum mun Umhverfisstofnun krefjast þess að vörunni verði fargað og að staðfestingu þess efnis, frá viðurkenndum móttökuaðila spilliefna, verði skilað til stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun veitir Kemi ehf. hér með frest til kl. 14:00 þann 13. maí 2024 til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Senda skal sjónarmið fyrirtækisins á netfangið ust@ust.is, merkt málnúmerinu UST202404-316.

Að þeim tíma liðnum mun Umhverfisstofnun taka ákvörðun um hvort markaðssetning vörunnar verði stöðvuð. Með markaðssetningu í skilningi efnalaga er átt við það að sjá þriðja aðila fyrir vörunni eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds og hefur stöðvun markaðssetningar því þau áhrif að einnig er óheimilt að gefa viðkomandi vöru.

Það athugast að upplýsingar um beitingu úrræðisins munu birtar á vefsíðu Umhverfisstofnunar, sbr. 5. mgr. 49. gr. efnalaga en samkvæmt ákvæðinu skal stofnunin birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið, jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir.

Þá, með vísan til 2. mgr. 49. gr. efnalaga óskar Umhverfisstofnun eftir upplýsingum frá fyrirtækinu um það hvort varan hafi verið flutt inn eða keypt af innlendum birgja og hvort fyrirtækið hafi selt umrædda vöru til annarra fyrirtækja til áframsölu.

Vakin er athygli á því að aðeins eru gerðar athugasemdir við vöru sem lenti í úrtaki eftirlitsins. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem fyrirtækið flytur til landsins og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða verður innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. [1410/2023](#) þegar málslok liggja fyrir.

Upplýsingar um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar <https://www.ust.is/atvinnulif/efni/fluoradar-grodurhusaloftegundir/>

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is, til að fá aðstoð og/eða nánari upplýsingar um markaðssetningu og innflutning F-gasa.

Virðingarfyllst,

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Eva B. Sólan Hannesdóttir
lögfræðingur

Meðfylgjandi er eftirlitsskýrsla Umhverfisstofnunar, dags. 29. apríl 2024.